

í málinu: Frumvarp til laga um notkun bifreiða (þgskj. 211).

Vjer, sem hin háttv. Nd. Alþingis kaus í nefnd til þess að athuga ofangreint frumvarp leyfum oss hjer með að láta uppi álit vort.

Frumvarpið, sem er upphaflega stjórnarfrumvarp og komið nú frá háttv. Ed., eftir vandlega ihugun þess, að því er virðist, er að skoðun vorri fullkomlega tímabært og til þess lagað að það verði gert að lögum með þeim smábreytingum, sem hjer fara á eftir.

Að vísu var því hreyft í nefndinni að eigi kynni að vera fjarri vegi að gera viðtækari breytingar á frumvarpinu og voru þær breytingar aðallega tvær, sem til orða komu.

Önnur breytingin, sem rætt var um að gerð yrði á frumvarpinu var sú, að fyrirbjóða bifreiðaferðir á aðalþjóðvegum vist tímabil á árinu, þegar vænta má að önnur umferð sje sem mest, sem sje um sumar-hálestirnar. En meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að úr því að ekki þætti heppilegt eða viðeigandi, að hefða notkun bifreiða á þjóðvegum yfir höfuð, þá gæti heldur ekki komið til mála að banna að brúka þær á vissu tímabili á árinu, og það því síður sem ræða væri um það tímabil ársins, sem helst mætti vænta að þær gætu að einhverjum teljandi notum komið, auk þess sem ekki væri ástæða til að gera ráð fyrir hlutfallslega meira tjóni eða slysi af bifreiðaferðum á þessu tímabili ársins en öðrum, svo framarlega sem allrar þeirrar varúðar er gætt, sem frumvarpið ætlast til.

Hin breytingin, sem til orða kom í nefndinni að gerð yrði á frumvarpinu, var gagngerð breyting á 13. gr. frumvarpsins. Eins og nefnd grein ber með sjer, hvílir skaðabótaskyldan, ef slys verður, á þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, nema sá, sem fyrir slysinu varð eða einhver þriðji maður hafi valdið því, af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, eða slysið hafi verið eftir atvikum óumflýjanlegt. Þetta ákvæði þótti einum nefndarmanna koma í bága við allar aðrar gildandi farreglur á landi og sjó og að rjettast mundi því vera að láta skaðabótaskylduna hvíla á þeim, sem ábyrgð hefði á bifreiðinni, því að eins að sannað væri að tjónið eða slysið hefði orðið eingöngu af hans völdum. Meiri hluti nefndarinnar kannaðist að vísu við það, að ákvæði nefndrar greinar mundi ekki vera í fullu samræmi við aðrar almennar gildandi farreglur, en þótti samt ekki full ástæða til að breyta því. Bygði hann þá skoðun sína að einu leyti á því, að samskonar ákvæði og hjer um ræðir er í bifreiðalögum annara þjóða, að minsta kosti bæði norskum og dönskum bifreiðalögum. Og þar sem svo vaxið ákvæði hefði þar verið talið nauðsynlegt eða heppilegt, þá mundi mega líta svo á sem það væri það ekki síður hjer á landi. Hins vegar sýndist meiri hluta nefndarinnar einnig, að svo gagngerð breyting á frumvarpinu, sem hjer væri um að tefla, kynni að geta orðið þess valdandi, að háttv. Ed. gæti ekki gengið að frumvarpinu eins og það kæmi úr höndum Nd. og það kæmi því til að hröklast á milli deildanna og verða að lokum í því að falla eða verða óútrætt mál. En slíkt taldi nefndin illa farið eins brýn og sú nauðsyn er, sem á eftir kallar, að sett verði lög um það efni, sem hjer um ræðir.

Samkvæmt framansögðu, ræður því nefndin hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna í fyrri málsgrein 4. gr.: »Flytji bifreiðareigandi . . . merki vagns hans« komi:
Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.
2. Á eftir orðunum í annari málsgrein 4. gr.: »Nýja skoðun á bifreið« komi: Á kostnað eiganda.
3. Fyrsta málsgrein 6. greinar falli burt.
4. Síðasta setningin í þriðju málsgrein 6. gr.: »Sje for á veginum aðra vegfarendur« falli burt.
5. Í stað orðanna í síðari málsgrein 7. gr.: »Að ekki komast hvorir fram hjá öðrum« komi:
Að hvorugir komast fram hjá öðrum«.
6. Á eftir 7. grein bætist við ný málsgrein svohljóðandi:
Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.
7. Orðin í 9. gr.: »Ef krafist er« falli burt.

Alþingi 1. ágúst 1914.

Sveinn Björnsson,
formaður,
með fyrirvara.

Eggert Pálsson,
skrifari.

Guðm. Hannesson.

Benedikt Sveinsson.

Sigurður Sigurðsson,
með fyrirvara.